

**3387. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
24. október 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ólafur Adolfsson varamaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1901009 - Fundargerðir 2019 - menningar- og safnanefnd**

- 74. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 20. ágúst 2019.
- 75. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 17. september 2019.
- 76. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 2. október 2019.
- 77. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 13. október 2019.

*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*

**2. 1901119 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019**

- 53. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011.
- 116. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál.
- 35. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega.
- 41. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.
- 148. mál til umsagnar - tillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023.
- 123. mál til umsagnar - frumvarp til laga um barnaverndarlög (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni).
- 29. mál til umsagnar - frumvarp til laga um jarðalög (forkaupsréttur sveitarfélaga).
- 49. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (íbúakosningar um einstök mál).

*Lagt fram.*

*Bæjarráð ítrekar umsögn sína í máli 148 er varðar stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og felur bæjarstjóra að koma því á framfæri með formlegu erindi.*

SPK

**3. 1910050 - Danskur farkennari á Akranesi vorönn 2020**

Á grundvelli samstarfssamning mennta- og menningamálaráðuneytanna á Íslandi og í Danmörku stendur Akraneskaupstað til boða að fá danskan farkennara á vorönn 2020 til starfa í grunnskólum Akraneskaupstaðar. Laun kennarans eru að fullu greidd af danska ráðuneytinu og til viðbótar greiðir ráðuneytið kr. 100.000 í styrk á mánuði til Akraneskaupstaðar til niðurgreiðslu kostnaðar sem tengist móttöku farkennarans (húsnæðiskostnaður og annað).

Óskað er heimildar bæjarráðs til að stofna til útgjalda að hámarki kr. 500.000 vegna vorannar skólaársins 2020. Skóla- og frístundasvið mun annast alla umsýslu vegna komu kennarans og er þess óskað að fjárheimild verði veitt á deild 04020 vegna þessa kostnaðar.

*Bæjarráð samþykkir að gera ráð fyrir útgjöldum á deild 04020 vegna þessa verkefnis á árinu 2020 samtals að fjárhæð kr. 500.000 og því ekkert að vanbúnaði að hefja undirbúning vegna komu viðkomandi til Akraness í byrjun næsta árs.*

**4. 1906053 - Fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021-2023**

*Vinnu við gerð fjárhagsáætlunar verður framhaldið á aukafundi bæjarráðs þann 31. október næstkomandi.*

**5. 1910129 - Leikskólar Akraneskaupstaðar - ósk um samráðsfund vegna starfskjara**

Trúnaðarmenn og aðrir fulltrúar leikskóla Akraneskaupstaðar mæta á fund bæjarráðs til þess að ræða starfskjör.

*Bæjarráð þakkar fulltrúum leikskólanna fyrir komuna á fundinn og gagnlegar og mikilvægar upplýsingar.*

**6. 1903123 - KÍA - samskipti Akraneskaupstaðar og Körfuknattleiksfélags ÍA**

Erindi körfuknattleiksfélags ÍA um æfingar í lausum tímum í íþróttahúsum Akraneskaupstaðar.

Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar KÍA erindið og felur forstöðumanni íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar frekari úrvinnslu málsins.*

**7. 1910006 - Asparskógar 6 - Umsókn um byggingarlóð**

Umsókn BJB ehf. um byggingarlóð við Asparskóga 6.

Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð úthlutar byggingarlóðinni við Asparskóga 6 til umsækjanda.*

SFh